

**Ed.**

**178. Frumvarp til laga**

[137. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki.

Flm.: Jón Árnason.

**1. gr.**

Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo, að á eftir orðunum „erlendra háskóla og tækniskóla“ komi: svo og aðrar hliðstæðar erlendar og innlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í frumvarpi þessu felst sú breyting, að í hópi þeirra, sem rétt eiga til námslána úr Lánasjóði íslenskra námsmanna, séu þeir nemendur, er nám stunda í öðrum þeim skólum innlendum, er séu hliðstæðir við þær skólastofnanir, sem upp eru taldar í 1. gr. laganna.

Samkvæmt gildandi lagaákvæði eru þær kennslustofnanir innlendar, þar sem nemendur eiga rétt til lántöku úr sjóðnum, taldar tæmandi í 1. gr. — Að þessu sinni er sérstaklega haft í huga að veita nemendum við Fiskiðnskóla Íslands umræddan rétt.